


Ármótsflöt er einnar hæðar heilsárshús í Flóahreppi.
Húsið er timburhús smíðað á staðnum.
Staðgreinir: 8722-01-5400-0010
Landnúmer: 222562



Stærðir:

Íbúð
Brúttóflatarmál er 125,6 m²
Brúttórúmmál er 452,0 m³

Bílgeymsla
Brúttóflatarmál er 37,6 m²
Brúttórúmmál er 140,6 m³

Heildarbyggingin
Brúttóflatarmál er 163,2 m²
Brúttórúmmál er 592,6 m³

Burðarvirki hússins er þannig að undirstöður og botnplata eru staðsteyptar. Undir botnplötu kemur 100mm frauðplasteinangun, 50 mm frauðplasteinangrun kemur 500mm niður á undirstöður. Útveggir eru úr 150mm burðarvið sem klæðast með 9mm krossvið, utan á krossviðinn koma gagnvarðar 20mm lektur og á þær kemur lituð stálklæðning. Timburgrind er einangruð með 150mm steinull og lokuð með rakavarnarlagi, þar innan á er raflagnagrind og á hana kemur svo 13mm gifsklæðning.

Þak er hefðbundið sperruþak með límtrésbita fyrir ofan bílgeymslu og eldhús/stofu en yfir holi/herbergjum koma kraftsperrur. Sperrubilin einangrist með 200mm steinull. Þakið er útloftað og er 20mm loftunarbíl fyrir ofan steinullina. Ofan á sperrurnar kemur 23x148mm þéttklæðning, þakpappi og svo litað bárujár. Að innanverðu kemur rakavarnarlag á þaksperrurnar, raflagnagrind og svo gifsklæðning.

Gluggar eru úr timbri klæddir með áli. Opanleg fög eru úr harðvið sem og allar útidyr. Bílgeymsluhurð er úr frauðuðum panel einingum (uretán).

Innveggir eru gerðir úr blikkstoðum, einangraðir með þéttri steinull og klæddir með tvöföldu gifsi.

Neysluvatnslagnir eru "rör í rör" kerfi (plastpípur ídregnar í barka) og steypast allar þessar lagnir fastar í botnplötu. Staðsetning deilikistu verður í bílgeymslu. Hitastig á neysluvatni skal ekki vera hærra en 60°C úr neysluvatnskrönum.

Gólfhitakerfi verður í húsinu, gólfhitagagnir verða steyptar í botnplötu hússins. Gólfhitakista verður staðsett í bílgeymslu.

Frárennsli er leitt í plastpípum og tengt við rotþró.

Loftun verður almennt með þeim hætti að ferskloft verður dregið inn um opnanlega glugga á útveggjum hússins. Í þvottahúsi verður dregið loft úr rýminu, út yfir þak, og ferskt loft dregið inn frá aðliggjandi rými (Hol).

U-gildi byggingahluta

Botnplata	0,20 W/M ² K
Útveggir	0,25 W/M ² K
Þak	0,15 W/M ² K
Gluggar (K-gler)	1,70 W/M ² K
Hurðir	1,70 W/M ² K
Útveggir, vegið meðaltal	0,80 W/M ² K


Brunavarnir: Björgunarop eru úr svefnherbergjum. Veggir bílgeymslu eru EI60 veggir. Reykskynjarar eru í eldhúsi, stofu, holi og öllum svefnherb.

Rýmingarleiðir eru um aðalinngöngudyr, bílgeymsludyr og garðdyr í stofu. Slökkvitæki er í anddyri og í bílgeymslu.

Sorpgerði er fyrir tvær tunnur. Bílastæði eru tvö talsins.

Inntak fyrir rafmagn, kalt og heitt vatn er í bílgeymslu. Þar er jafnframt staðsetning lagnagrindar og rafmagnstöflu.

Buðarþolshönnun: Stefán Guðmundsson
Lagnahönnun: Stefán Guðmundsson



1 Hæðin
1 : 100

Skýringar:

BO: Björgunarop
GK: Gólfkóti
GN: Gólfniðurfall
LR: Loftræsing
ÞN: Þakniðurfall

Nr. Dags. Breyting Af

STEFÁN GUÐMUNDSSON
Hraungerði, 801 Selfoss
Sími: 864-2621. Netfang: mor.sg@simnet.is

ÁRMÓTSFLÖT 1
FLÓAHREPPUR

AÐALTEIKNINGAR
1. HÆÐ
GRUNNM. OG BYGG.LÝSING

Teikn. SG Hönn. aðaluppð.: Stefán Guðm.

Dags: 22-07-14 Mkv: 1:100 Nr: A01

Samþ. Stefán Guðmundsson Kt. 301171-4989